



Fundur hafnar- og skipulagsnefndar

Fundur var haldinn í hafnar- og skipulagsnefnd mánudaginn 14. ágúst á skrifstofu sveitarfélagsins.

Á fundinn voru mætt Erla María Lárusdóttir, Reynir Lýðsson, Eva Guðbjartsdóttir, Ragnar Már Björnsson og Jóhann Sigurjónsson. Þá sátu fundinn Bragi Þór Haraldsson byggingafulltrúi og Alexandra Jóhannesdóttir sveitarstjóri.

Erla María formaður setti fundinn og stjórnaði honum, sveitarstjóri ritaði fundargerð.

Dagskrá:

1. Skipulags- og byggingamál

a. Afgreiðslur byggingafulltrúa

Bragi Þór Haraldsson byggingafulltrúi fór yfir afgreiðslur frá síðasta fundi.

Fyrsta afgreiðsla: 1. ágúst samþykkt byggingaráform vegna tveggja smáhýsa úr timbri á Melstaðartúni lóðir nr. 4.-5.

Önnur afgreiðsla: 1. ágúst samþykkt byggingaráform vegna iðnaðarhúss á lóð nr. 16. við Oddagötu.

Þriðja afgreiðsla: Bílastæði innan lóðar á Sunnuvegi 6 samþykkt.

b. Umsókn um lóðaúthlutun Suðurvegur 5-7

Ragnar Már Björnsson vék af fundi undir þessum lið.

Fyrir fundinum lá umsókn Verk lausnar ehf. um byggingarlóðir til þess að reisa íbúðarhúsnæði á Suðurvegi 5 og 7. Um er að ræða parhús úr timbri. Áætlaður byggingatími er 12 mánuðir og gert ráð fyrir að framkvæmdir hefjist í október 2023. Nefndin fór yfir umsóknina eins og hún var lögð fyrir og samþykkti samhljóða að að úthluta lóðunum í samræmi við framlagða umsókn



og háð þeim skilyrðum sem fram koma í *Reglum um úthlutun byggingarlóð í Sveitarfélaginu Skagaströnd frá 8. mars 2023*. Útbúa þarf lóðarblað og var sveitarstjóra falið að ganga frá því.

2. Bréf

a. Elna Ragnarsdóttir dags. 10.07.2023

Efni: *Umferðarhraði á Vetrarbraut*

Fyrir fundinum lá tölvupóstur frá Elnu Ragnarsdóttur þar sem óskað er eftir því að sett verði hraðahindrun til þess að tempra umferðarhraða á Vetrarbraut sem liggur við heimili viðkomandi til þess að minnka slyshættu. Nefndin ræddi efni tölvupóstsins og taldi tilefni til þess að merkja hámarkshraða með sýnilegum hætti þar sem að malbik og malarvegur mætast og mögulega setja þrengingu. Þá var rætt um göngubrautir og hraðahindranir í nálægð við Höfðaskóla og því vísað til sveitarstjórnar að gera úrbætur þar á.

b. Vegagerðin dags. 27.07.2023

Efni: *Ósk um framkvæmdaleyfi vegna sjóvarnar*

Fyrir fundinum lá erindi Vegagerðarinnar varðandi framkvæmdaleyfi vegna sjóvarnar ásamt teikningum. Vegagerðin hefur unnið að undirbúningi sjóvarnarkerfis við Réttarholt og Sólvang á Skagaströnd samkvæmt samgönguáætlun.

Helstu verkþættir eru: Lenging sjóvarnar við Réttarholt og Sólvang um 175 m framlenging núverandi sjóvarna. Áætlað grjótmagn er um 1600 m³.

Vegagerðin hefur unnið að útfærslu sjóvarnargarða í samráði við sveitarfélagið. Óskað er eftir því að sveitarfélagið staðfesti að Vegagerðin hafi heimild til þess að ráðast í ofangreindar framkvæmdir og að gengið verði úr skugga um að þær samrýmist skipulagi. Unnið er að gerð útboðsgagna og er áætlaðir verktími u.þ.b. 2 mánuðir á tímabilinu 1. október 2023-1. maí 2024.

Nefndin ræddi framlagða beiðni og samþykkti samhljóða fyrir sitt leyti að ráðist verði í framangreindar framkvæmdir og að sveitarfélagið gefi út framkvæmdaleyfi vegna þeirra.

3. Önnur mál

Umræður sköpuðust um aukna þörf á þriggja fasa rafmagni á hafnarsvæði. Var því vísað til sveitarstjórnar að skoða möguleika á því að bæta úr þeirri aðstöðu á höfninni.



Fleira var ekki tekið fyrir og var fundi slitið kl. 17:11.

Hafnar og skipulagsnefnd:

Erla María Lárusdóttir

Erla María Lárusdóttir

Reynir Lyðsson

Reynir Lyðsson

Eva Guðbjartsdóttir

Eva Guðbjartsdóttir

Ragnar M. Björnsson

Ragnar M. Björnsson

Jóhann G. Sigurðsson

Jóhann Sigurðsson

Starfsmenn:

Bragi Þór Haraldsson

Bragi Þór Haraldsson, byggingarfulltrúi

ALEXANDRA JÓHANNESDÓTTIR

Alexandra Jóhannesdóttir, sveitarstjóri

